

Nd.

541. Nefndarálit

[180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir, er enn eitt dæmið um þá eindæma áráttu hæstv. ríkisstjórnar að láta einskis ófreistað í því að skattkrumla ríkisvaldsins teygi sig til allra átta, ekki einungis í vasa einstaklingsins sem skattþegns, heldur og til þeirra sjóða, sem almenningur í landinu hefur lagt til af launum sínum og eru því afdráttarlaus eign fólksins.

Þetta frv. ríkisstjórnarinnar gerir m. a. ráð fyrir að ríkið taki traustataki 40% þess ráðstöfunarfjár, sem lífeyrissjóðirnir í landinu hafa til ráðstöfunar.

Hér er um að ræða ósvífna aðför ríkisstjórnarinnar að eignarrétti þess fólks, sem lífeyrissjóðina á. Það, sem þó vekur mesta furðu, er að fjármálaráðherra Alþýðubandalagsins, Ragnar Arnalds, skuli hafa frumkvæði að slíkri lögbvingun sem hér um ræðir og ganga manna harðast fram í málinu. Þetta er furðulegt þegar til þess er litið, hver afstaða fulltrúa Alþýðubandalagsins, þar á meðal Ragnars Arnalds, hefur verið hér á Alþingi til síkrar lögbvingunar.

Til sannindamerkis um þá afstöðu eru hér látnar fylgja nokkrar tilvitnanir í orð helstu forustumanna Alþýðubandalagsins, flokks öreiganna, um lögbvingun sem þessa.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði í ræðu í Nd. 19. des. 1977. Þá var íhaldsstjórn við völd:

„Það er allt annað að ganga til samninga á frjálsum jafnréttisgrundvelli heldur en hitt að fá á sig þvingunarlög, og svo mikið í sálfræði veit ég að allir hæstv. ráðh. kunna, að mannleg viðbrögð fara að sjálfsögðu eftir því, hvernig fram er komið við menn.“

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ætlaðist til þess að ráðh. íhaldsstjórnarinnar skildu þessi sannindi, þeir kynnu það mikið í sálfræði að þeir vissu að mannleg viðbrögð færu eftir því, hvernig fram er komið við menn. En flokksbróðir hans, þáv. formaður þingflokks hans, fyrrv. formaður flokks hans, núv. fjmrh., kann ekki svona mikið í sálfræði, vegna þess að hann leggur það nú til í umboði flokks síns, sem flokkur hans krafðist að felld yrði fyrir tveimur árum.

Og það voru fleiri sem höfðu sitthvað um þetta að segja. Ég vitna í hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Hann sagði um íhaldsstjórnina út af þessu máli í þingræðu 19. des.:

„Það er ekki ein báran stök hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnun. Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem vitlausust er.“

Þetta sagði hv. þm. Lúðvík Jósepsson um ríkisstj. íhaldsflokkanna árið 1977, þegar hún lagði það til sem fjmrh. og ráðh. Alþb. leggja nú til í umboði síns flokks. Þá sagði formaður þingflokks Alþb.: „Það er ekki ein báran stök hjá ríkisstj. Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem vitlausust er.“

Og hv. þm. núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, hafði líka skoðun á þessum málum þá. Hann var frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. Alþingis og lagði þar til ásamt fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. að þetta ákvæði um 40% lögbvingun á lífeyrissjóðina yrði felld. Og hv. þm. hafði sjálfur framsögu fyrir þessu nál., hvorki meira né minna. Hvað sagði hv. þm. Ragnar Arnalds þá um þá aðgerð, sem hann nú ber fram í nafni flokks síns? Hann sagði:

„Það er hinn þáttur málsins, sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalyðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið. Það er því jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta, hvað verður um þetta fjármagn, og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá, sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því. Lágmark væri að gerðir yrðu samningar um til hvaða þarfa þetta fjármagn verði notað, en það ekki tekið traustataki með löggjöf.“

Þetta sagði hv. þm. Ragnar Arnalds, núv. hæstv. ráðh., á Alþingi 20. des. árið 1977, þegar hann hafði forustu um það í nafni síns flokks að heimta að felld yrði sú lögbvingun, sem hann nú í nafni síns flokks krefst að Alþingi samþykki á lífeyrissjóðina umræðu- og samningalaust. Þetta er sú stórkostlega breyting sem orðið hefur á Alþ. Þetta er skoðun og stefna hinnar nýju stéttar, hinna ungu framkvæmdanna, pappírstígranna, hlaupastrákanna úr Framsfl. og gáfumannafélagsins í Alþýðubandalaginu.

En það er fleira athyglisvert í þessu frv. fjármálaráðherra.

Það hlýtur að vekja athygli, að Ragnar Arnalds, fulltrúi Alþýðubandalagsins, þess flokks sem að eigin mati telur sig byggðastefnufokk, skuli leggja til að skerða tekjur Bygðasjóðs á árinu 1980 um 50%, en það er gert samkv. 12. gr. frv., og ekki er að sjá að fulltrúa Framsóknarflokksins, sem telur sig „guðföður byggðastefnu“ í landinu, klígi við því að standa að svo stórkostlegum niðurskurði á tekjum Bygðasjóðs.

Þá skal vakin sérstök athygli á því, að verði 19. gr. frv. samþ. eins og ríkisstjórnin leggur til og með Byggingarsjóð verkamanna farið eins og félagsmálaráðherra Alþýðubandalagsins, Svavar Gestsson, leggur til með bréfi dags. 7. maí s. l. og hjálagt fylgir, er verið að stöðva nú þegar allar framkvæmdir á vegum Byggingarsjóðs verkamanna. Kannske er það hin nýja stefna Alþýðubandalagsins og þar með auðvitað ríkisstjórnarinnar.

Hér hefur að fáu einu verið vikið að því er varðar frv. það, sem hér um ræðir, og vissulega ástæða til að vikja að fleiri ákvæðum, en þetta látið nægja til þess að sýna fram á hversu hæstv. ríkisstj. er gersamlega heillum horfin í öllu er varðar stjórn landsins, hvað þá að flokka megi hana undir stjórn sem líkleg er til að ráða bót á þeim vanda, sem við er að glíma í stjórn efnahagsmála.

Það, sem sker þó hvað mest í augu varðandi þetta frv. er hversu Alþýðubandalagið, hinn svokallaði verkalyðsflokkur, fótum treður öll þau fyrirheit og markmið, sem ráða ættu ríkjum í flokki með því nafni, til þess eins að „gáfumannabroddarnir“ í flokknum geti hjúfrað sig í hinum dúnmjúku ráðherrastólum. Þegar það eitt er orðið markmið stjórnmalaflokks, eins og nú er með Alþýðubandalagið, er vissulega lágt lagst.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst, að ýmis ákvæði frv. eru meingölluð og þess eðlis, að breytinga er þörf. En þó ljóst sé, að litlar sem engar líkur muni á því að koma viti fyrir ríkisstjórn og stjórnarliða hér á Alþingi með breytingum á frv., verður þess þó freistað að fá fellda niður 3. gr. frv. og mun undirritaður flytja breytingartillögu um það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. maí 1980.

Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 7. maí 1980.

Í janúarmánuði s. l. var greitt framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna vegna ársins 1979 að fjárhæð 595 276 245 kr. í samræmi við ákvæði 20. greinar laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þegar þessi greiðsla var innt af hendi var þess ekki gætt að með lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979 eru framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna verulega skert, en 16. gr. þeirra laga hljóðar svo: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr.“ Samkvæmt þessu hafa Byggingarsjóði verkamanna verið greiddar 298 276 245 kr. umfram heimild vegna ársins 1979 og verður sú fjárhæð væntanlega dregin frá framlagi til sjóðsins á þessu ári.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verði 432 500 þús. kr. og í 19. grein frumvarps til lánsfjárlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, segir að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970 skuli framlag ríkissjóðs ekki fara fram úr þeirri fjárhæð.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að eftirstöðvar af framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári fara ekki fram úr kr. 134 233 755 ef nefnt lánsfjárlagafrumvarp verður samþykkt með 19. grein óbreyttri.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Byggingarsjóður verkamanna
b.t. Guðmundar Vigfússonar
Húsnæðismálastofnun ríkisins,
Laugavegi 77,
Reykjavík.